Sýning Sæmundar Valdimarssonar að Kjarvalsstöðum:

ALÞÝÐULIST

í ætt við forn-gríska höggmyndir



Tvær af styttum Sæmundar Valdimarssonar á sýningunni að Kjarvalsstöðum.

Á Kjarvalsstöðum heldur Sæmundur Valdimarsson einkasýningu á gangi framan við Kjarvalssal. Þar sýnir hann 18 tréskurðarmyndir, gerðar undanfarin 10 ár. Sæmundur er fæddur að Krossi á Barðaströnd, árið 1918. Skömmu eftir seinni heimsstyrjöldina fluttist hann til Reykjavíkur, þar sem hann hefur lengst af unnið hjá Áburðarverksmiðjunni í Gufunesi.

Höggmyndir Sæmundar munu fyrst hafa komið fyrir sjónir almennings á Þjóðhátíðárarinu 1974. Þá héldu forstöðumenn Gallerís SÚM sýningu á íslenskri alþýðulist í gamla sýningarsalnum við Vatnsstíg. Sæmundur átti þar nokkur verk, en hann hafði þá unnið um fjögurra ára skeið að höggmyndagerð úr rekaviði og steinum. Um það leyti sem sýning þessi var haldin, snéri hann sér að gerð þeirra stytta sem nú má sjá að Kjarvalsstöðum. Einnig tók Sæmundur þátt í alþýðulistarsýningunni sem haldin var að Kjarvalsstöðum fyrir tveimur árum.

Segja má að höggmyndir listamannsins snúist um eitt þema, karla og konur. Hann tálgar líkneskjur sínar af mikilli alúð og leikni og notar liti eða farða til að draga fram og skerpa andlitsdrætti þeirra. Fyrst og fremst er það augnaumgjörð og varir sem Sæmundur litar. Við það öðlast myndir þessar eitthvert dularfullt innra líf, líkast því sem eitthvað hrærist bak við einbeittan svip þeirra.

Raunar er það dæmalaust hve eðlilega þessi ófaglærði myndskeri laðar fram form rekaviðardrumbanna. Ekkert er hér of né van, ekkert sem truflar skynjun áhorfandans. Naktir líkamar standa teinréttir og óhagganlegir eins og skurðgoð. Handleggi vantar, en form líkamans eru dregin fram af mikilli hugvitssemi. Oft er það efniviðurinn sjálfur sem ræður áherslum búksins, brjósta, bringu og kviðar. Þá undirstrika línur æðanna í viðnum mótun skrokksins




Stúlka eða grísk kore á rauðum skóm.Um 520 f.Kr.. Förðuð um augu og munn, svo og hár. Um varirnar leikur dauft bros.

og fylgja vel eftir því sem tálgað hefur verið burt, eða skilið eftir. Brjóst og kynfæri eru látin ráða kynferði styttanna. Ekki eru þær þó allar naktar, því sumar hafa verið íklæddar skýlu úr fiskroði. Þessi fátæklegi klæðnaður er gerður af mikilli alúð og natni og gæðir þær styttur sem hann bera, öðrum víddum en hinar. Einnig kemur þekking Sæmundar á efniviðnum vel í ljós, þegar hann mótar brjóst sumra kvenveranna úr samlímdu hefilspæni. Slíkum tæknibrellum beitir listamaðurinn af varfærni og smekkvísi. Útkoman verður aldrei of tepruleg né ofhlaðin og ber það vott um næmt auga Sæmundar fyrir takmörkunum og möguleikum rekaviðarins.

Milli alþýðulistar, listar frumstæðra og fornlegrar (arkæskrar) listar, eru formgerðartengsl sem alltaf koma manni jafn mikið á óvart. Dýrkunarkennt yfirbragð þessara mynda stafar ekki hvað síst af skyldleika þeirra við guðamyndir horfinnar menningar, heiðinnar jafnt sem kristinnar, klassískrar jafnt sem barbarískrar. Fyrst og fremst eru stytturnar í ætt við goð þau sem tignuð hafa verið á öllum öldum og í öllum heimshornum, þ.e.a.s. frjósemisgoðin.

Þótt það kunni að virðast undarlegt að alþýðulist eftir mann vestan af Barðaströnd skuli eiga svo margt skylt við list Forn-Íbera eða Suðurhafseyjabúa, er hitt enn furðulegra að tækni og formhugsun skuli vera svo áþekk. Ég vil leyfa mér að taka aðferðir Forn-Grikkja til samanburðar, það skeið í grískri listasögu sem nefnd hefur verið arkæska tímabilið. Viss einkenni þeirrar listar sem blómstraði á 8. til 6. aldar fyrir Krists burð, má rekja aftur til egeiskrar listar Krítverja og Mykenumanna hátt á annað árþúsund f.Kr. og jafnvel allt aftur til Egypta til forna.

Líkt og Grikkir, notar Sæmundur sparlega farða, þá einkum til að lífga andlitsdrætti mynda sinna. Ég gat þess áður hvernig liturinn er



Málað andlit frá Mykenu. Um 1200 f.Kr..

bundinn við augu og munn. Aðra hluta stytta sinna lætur listamaðurinn sér nægja að fægja og pússa. Þetta er nákvæmlega sömu aðferðir og finna má í list Mykenumanna fyrir ártalið 1200 f.Kr. Hámarki ná þessi einkenni í grískri list frá 6. öld f.Kr.

Önnur einkenni eru hið beina augnaráð, frontalítet eða bein afstaða styttanna til áhorfandans og hið létta og dularfulla bros. Allt þetta setur mark sitt á myndir Sæmundar, í misjöfnun mæli, og þetta eru einnig sterk einkenni arkæskra stytta frá Grikklandi. Munurinn er fólginn í efniviði, því Grikkir notuðu stein og marmara.

Þótt engin tengsl séu milli Grikklands og Barðastrandar, virðast ýmsir listrænir myndskurðarþættir beggja þessara svæða lúta skyldum lögmálum. Of langt mál yrði að velta fyrir sér getgátum þar að lútandi í þessum stutta pistli og lesendum er því látið eftir að botna þessar vangaveltur. Öllu skiljanlegri eru stílfræðileg tengsl Sæmundar við tréskurðarmyndir úr miðaldakirkjum, en það er önnur saga.

Ég vil óska Sæmundi Valdimarssyni til hamingju með athyglisverða sýningu. Hið eina sem ég var ekki sáttur við, var staðsetning myndanna í einhvers konar Edenættuðum gerviskógi. Dró það nokkuð úr frumkrafti þeirra. Betra hefði verið að hafa heiðan himin að baki þeim, eins og á ljósmyndum úr sýningarskránni.

Fersk og frumleg túlkun:

Endurfundir með Ivo Pogorelich

Frédéric F. Chopin (1810–1849):
Píanókonsert nr. 2 í f-moll, op. 21
Pólónesa í fís-moll, op. 44
Flytjendur: Ivo Pogorelich (píanó), ásamt
Sinfóníuhljómsveitinni í Chicago
Stjórnandi: Claudio Abbado
Útgefandi: Deutsche Grammophon 410 507-1 (digital), 1983.

Flestum eru eflaust enn í fersku minni hljómleikar þeir sem Ivo Pogorelich hélt hér í Laugardalshöllinni fyrir tveimur árum. Hann var þá hér á vegum Listahátíðar og lék þá einmitt þennan konsert Chopins við fádæma undirtektir. Það er e.t.v. ofsögum sagt að allir hafi tekið undir klappið af jafn miklum innileik og undirritaður, því mörgum þótti of langt gengið í spjöllum á þessu hugljúfa verki. Ivo Pogorelich, sem eitt Lundúnablaðanna kallaði „Mick Jagger klassískrar tónlistar", lék nefnilega konsertinn „á sinn hátt".

Með því að hlýða aftur á þennan óútreiknanlega Júgóslava leika f-moll konsertinn undir öruggri og frábærri stjórn Claudios Abbados, rifjast upp fyrir manni ósamhljóða álit manna að loknum tónleikunum í Laugardal. Mörgum fundust áherslur hans, einkum sviptingar í tempíum, hraðaupphlaup, dvöl á einstökum hljómum og aðrar excentríur, tilgerðarlegar og út í hött.

En það mun einmitt vera eitt stærsta vandamál tónfræðinga þegar þeir fást við Chopin, að geta sér til um réttmæti hinna ýmsu túlkana á verkum hans. Svo virðist sem hægt sé að ganga töluvert út yfir forskrift partitúrsins, áður en túlkunin getur talist klám. Hafa verður í huga að Chopin var rómantískur og konsertar hans voru mjög nýstárlegir. Einkum vegna þess að einleikurinn var aðalatriðið en hljómsveitin aukaatriði. Hún var til þess eins að fylla upp í tómarúmið bak við virtúósinn. Jafnvel eru áhöld um það hvort Chopin hafi sjálfur nennt að útsetja konserta sína. Telja sumir tónfræðingar að hann hafi látið samnemanda sínum á Konservatoríinu í Varsjá, Ignacy Feliks Dobrzynski, eftir að orkestrera nótnaritin. Af þessu má sjá hve ólíkar hugmyndir Chopin hafði um píanókonserta sína og t.a.m. Brahms um sín stykki, en hann samdi einnig tvo píanókonserta.

Pogorelich hefur því margt til síns máls þegar hann leyfir sér visst frelsi í túlkun f-moll konsertsins. Menn mega ekki gleyma því að leikrænir tilburðir voru í hávegum hafðir á rómantíska tímabilinu, einkum fyrri hluta þess. Chopin var ekki ósnortinn af mýtunni um hið guðdómlega virtúósí og lék verk sín eftir því sem andinn blés honum í brjóst í það og það skiptið.



Markmiðið var að heilla áheyrendur með sjálfsprottnum tilburðum og sýna þannig vald sitt yfir hljóðfærinu.

Það er einmitt þessari rómantísku afstöðu sem Pogorelich tekst svo vel að miðla. Hann gæðir verkið ferskleika sem sviptir burt rúmlega 150 ára aldri þess úr huga manns. Það er dirfska og hugmyndaflug í þessari túlkun, sem ekki verður fundin í jafn ríkum mæli hjá klassískari og yfirvegaðri túlkendum. E.t.v. er það á kostnað þeirrar dýptar sem Krystian Zimerman (DG 2351/3301 126) eða Tamas Vásáry (DG priv. 2535/3335 221) kalla fram í meistaralegum túlkunum sínum á konsertnum. Þrátt fyrir það vinnur Pogorelich á, eftir því sem lengur er hlustað.

Þegar öllu er á botninn hvolft kemur í ljós að hann er fullkomlega einlægur í túlkun sinni og viðhorfum. Það þarf ekki að fjölyrða um tækni hans, því fimi hans svíkur engan.

Til uppfyllingar, eða sem aukanúmer leikur Pogorelich Pólónesu í fís-moll, op. 44. Aftur er um sérstæða túlkun að ræða. En svo meistaralega er verkið leikið og svo mikill krafturinn, að erfitt er að finna verðugan samanburð.

Platan er óvenju tær og hljómmikil og nálægð píanósins er grípandi. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hljómsveit og stjórn, því Abbado sýnir hér sem endranær að hann er einhver öruggasti stjórnandi okkar tíma. Er þó engan veginn auðvelt að fylgja eftir glettum einleikarans.